

## Fundargerð 418

Föstudaginn 5. september 2014 kl. 09:00 hélt stjórn Byggðastofnunar símafund. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Oddný María Gunnarsdóttir, Ásthildur Sturludóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs og Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, og ritar hann fundargerð.

Formaður setti fund kl. 09:00. Eftirfarandi mál var á dagskrá:

1. Sala fullnustueignar – Úthafsækja og Snæfellsnesækja, 6.1368472% hlutdeild auk 4.2572184% hlutdeildar í rækju á Flæmingjagrunni.

### 1. Sala aflahlutdeildar í rækju.

Byggðastofnun leysti til sín aflaheimildir seinni hluta sumars 2012, eftir veðkall. Um var að ræða hlutdeild í úthafsækju auk hlutdeildar í svokallaðri Flæmingjarækju. Hlutdeild Byggðastofnunar í úthafsækju nam 12.2708840% við innlausn heimildanna, auk 4.2572184% í Flæmingjarækju. Við úthlutun fyrir fiskveiðiárið 2014-2015 komu 6.1368472% heimilda í úthafsækju í hlut Byggðastofnunar vegna þessarar hlutdeildar (50%) auk þess sem sama prósentu kom í hlut stofnunarinnar í svokallaðri Snæfellsnesrækju sem er úthlutað í fyrsta skipti. Til rækju við Snæfellsnes telst rækja í Breiðafirði sunnanverðum, í Kolluál og Jökuldýpi.

Lagt er til að aflahlutdeildir Byggðastofnunar í rækju verið auglýstar til sölu, og að Byggðastofnun áskilji sér rétt til að hafna öllum framkomnum tilboðum þyki þau of lág.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:15

Aðalsteinn Þorsteinsson, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____